



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 21. janúar 2016

Ákvörðun nr. 1/2016

Samruni Gæðabaksturs ehf. og Brauðgerðar Kr. Jónssonar og Co ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 9. september 2015, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Gæðabaksturs ehf. á öllu hlutafé Brauðgerðar Kr. Jónssonar og Co ehf. Meðfylgjandi bréfinu var samrunaskrá í samræmi við 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005. Með bréfi, dags. 11. september 2015, var samrunaaðilum tilkynnt að samrunatilkynning þeirra teldist fullnægjandi og að frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga hafi því byrjað að líða frá og með 10. september 2015. Einnig var óskað eftir tilteknum upplýsingum. Bárust þau gögn eftirlitinu þann 18. september 2015.

Með bréfi, dags. 12. október 2015, var samrunaaðilum tilkynnt um að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið hefur aflað sjónarmiða frá ýmsum aðilum sem kunna að hafa hagsmuni af samrunanum. Hefur eftirlitið aflað upplýsinga og átt samtöl við fulltrúa aðila á markaðnum. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar og sjónarmið skipta máli fyrir athugun þessa máls verður þeirra getið.

Með bréfi, dags. 18. desember 2015, óskuðu samrunaaðilar eftir undanþágu frá banni við framkvæmd samruna samkvæmt 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Var umbeðin undanþága veitt sama dag með bréfi Samkeppniseftirlitsins. Það skilyrði var þó sett fyrir undanþágunni að ekki yrði gripið til neinna aðgerða sem gerðu það ómögulegt að láta samrunann ganga til baka ef það yrði niðurstaða eftir athugun Samkeppniseftirlitsins á honum að hann hefði skaðleg áhrif á samkeppni.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér kaup Gæðabaksturs á öllu hlutafé í Brauðgerðinni og er áætlað að síðarnefnda félagið verði rekið sem dótturfélag



Gæðabaksturs. Að mati Samkeppniseftirlitsins er því ljóst að um samruna sé að ræða í skilningi b-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Framangreindur samruni felur í sér bæði láréttan og lóðréttan samruna. Samrunaaðilar starfa á sama sölustigi við sölu á vöru og þjónustu og telst samruninn af þeim sökum láréttur. Er einnig um lóðréttan samruna að ræða þar sem fyrirtækin Innbak hf. og Kjarnavörur hf., sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og Gæðabakstur, starfa á efra sölustigi miðað við þá starfsemi sem Gæðabakstur og Brauðgerðin sinna.

Samkvæmt samrunaskrá hófust viðræður um möguleg kaup Gæðabaksturs á öllu hlutfélagi í Brauðgerðinni haustið 2014. Tilefni samningaviðræðna hafi verið [...]¹ og vilji eigenda hennar til að stækka félagið þannig að styrkja mætti rekstur þess. Eigendur Gæðabaksturs hafi séð tækifæri í mögulegum kaupum á Brauðgerðinni og talið samruna geta styrkt bæði félögin, sérstaklega í ljósi þess að þrátt fyrir að starfsemi fyrirtækjanna sé áþekkt þá séu þau ólík, með mismunandi áherslur í vöruúrvali og starfi að mestu leyti á ólíkum landsvæðum. [...]²

1. Nánar um samrunaaðila og helstu keppinauta

Í samrunaskrá kemur fram að Gæðabakstur framleiði og selji í heildsölu ýmsar tegundir af brauði, rúgbrauði, flatkökum, kökum og öðru brauðmeti. Fyrirtækið selji fyrst og fremst til dagvöruverslana annars vegar og hins vegar til fyrirtækja og stofnana, svo sem hótela, veitingastaða, stofnana og mótuneyta. Gæðabakstur var stofnaður árið 1993 af Vilhjálmi Þorlákssyni og hefur hann frá upphafi verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Þá segir jafnframt í samrunaskrá að eigendur Gæðabaksturs séu Viska hf. og Vilhjálmur Þorláksson. Viska er í 100% eigu félagsins Blume Food I/S. Blume Food er danskt félag og starfsemi þess felst fyrst og fremst í framleiðslu á drykkjarvörum, t.d. bjór og orkudrykkjum. Félagið er í eigu tveggja aðila, annars vegar á danska félagið Relax A/S 30% eignarhlut og hins vegar á danska félagið Dragsbæk A/S 70% eignarhlut. Dragsbæk er danskt félag og felst starfsemi þess fyrst og fremst í framleiðslu og heildsölu á smjörlíki og tengdum vörum. Félagið er að þriðjungi í eigu Mogens Nielsen og fjölskyldu, en Mogens er m.a. í stjórn Gæðabaksturs og Visku. Þá er Dragsbæk að tveimur þriðju hlutum í eigu norska félagsins Orcla ASA. Orcla er norskt félag og felst starfsemi fyrirtækisins í heildsölu á ýmsum neysluvörum til dagvöruverslana og bakaría á Norðurlöndunum og Eystrasaltsríkjunum.

Dagsbæk á jafnframt 67,57% eignarhlut í Kjarnavörum hf. sem á dótturfélögin Innbak ehf., Matargaldur ehf. og Nonna litla ehf. Kjarnavörur er hlutfélag sem starfar við framleiðslu og heildsölu á smjörlíki, viðbiti og steikingarfeiti. Þá framleiðir fyrirtækið einnig sultur, ávaxtagrauta og sósur. Innbak er hlutfélag sem sérhæfir sig í innflutningi, sölu og dreifingu á hráefnum fyrir bakara. Engin starfsemi er í Matargaldri ehf. Starfsemi Nonna litla felst í framleiðslu og heildsölu á matar- og brauðsalötum, köldum sósum og forsteiktum kjöt- og fiskibollum.

Samkvæmt samrunaskrá framleiðir Brauðgerðin og selur ýmsar tegundir af brauði og kökum. Félagið var stofnað árið 1912 og er eitt elsta iðnfyrirtæki landsins. Það hefur frá

¹ Tekið út vegna trúnaðar.

² Tekið út vegna trúnaðar.



upphafi verið í eigu sömu fjölskyldu. Brauðgerðin selur framleiðslu sína í heildsölu, bæði til dagvöruverslana og til stofnana og fyrirtækja. Þá starfrækir Brauðgerðin tvö bakarí og kaffihús á Akureyri. Félagið er einkahlutafélag í eigu tveggja bræðra.

Helsti keppinautur samrunaaðila er Myllan hf. Árið 1998 ógilti samkeppnisráð yfirtöku Myllunnar-Brauðs hf. á Samsölubakaríi hf. en við yfirtökuna öðlaðist Myllan-Brauð 80% markaðshlutdeild á markaðnum fyrir framleiðslu á brauðmeti fyrir dagvöruverslanir. Fyrir þann samruna höfðu hvort fyrirtæki um sig verið með um 40% hlutdeild, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/1998 *Yfirtaka Myllunnar-Brauðs hf. á Samsölubakaríi hf.* Áfrýjunarnefnd samkeppnismála ógilti þó ákvörðun samkeppnisráðs þannig að samruninn gekk eftir, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar í máli nr. 6/1998. Frá þessum tíma hefur Myllan-Brauð haft mikla yfirburði í sölu á brauðvörum til dagvöruverslana, aðallega á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess. Helstu vörumerki fyrirtækisins eru Heimilisbrauð og Samlokubrauð. Einnig framleiðir Myllan brauð undir vörumerkjum verslana og verslanakeðja eins og t.d. Bónusbrauð og Krónubrauð.

Þá starfa jafnframt ýmsir minni framleiðendur og handverksbakarí við heildsölu á brauðvörum og kökum, bæði til dagvöruverslana og annarra söluaðila. Að auki starfa ýmsar heildsölur við innflutning á kökum og frosnum brauðvörum. Hefur Samkeppniseftirlitið við rannsókn málsins aflað upplýsinga um sölutekjur þessara aðila.

III.

Markaðir málsins

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgöngubjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu.*

1. Vörumarkaðir

Með viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Staðgönguvara eða staðgöngubjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar vöru eða þjónustu.

1.1 Sjónarmið samrunaaðila

Að mati samrunaaðila mun áhrifa samrunans fyrst og fremst gæta á eftirtöldum mörkuðum:

- Sala á brauði og kökum til dagvöruverslana á Íslandi.
- Sala á flatbrauði, hrökkbrauði og kexi til dagvöruverslana á Íslandi.
- Sala á brauðvörum til fyrirtækja og stofnana til eigin nota.



- Smásala á brauði og kökum til neytenda á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Framleiðsla, innflutningur og heildsala á smjörlíki, öðru viðbiti, steikingarfeiti og olíum.
- Innflutningur og heildsala á hráefnum fyrir bakarí.

Vísa samrunaaðilar til skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, þar sem fjallað sé um markaði fyrir heildsölu á brauðmeti til dagvöruverslana. Annars vegar sölu á brauði og kökum til dagvöruverslana og hins vegar sölu á flatbrauði, hrökkbrauði og kexi til dagvöruverslana. Að mati samrunaaðila starfa þeir á mörkuðum fyrir sölu á þessum vörum.

Þá segir í samrunaskrá að bæði Gæðabakstur og Brauðgerðin selji framleiðsluvörur sínar til fyrirtækja og stofnana sem noti vörunar í eigin rekstri. Vísa samrunaaðilar til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 5/1998 þar sem skilgreindur hafi verið sérstakur vörumarkaður fyrir heildsölu á brauðvörum til fyrirtækja sem noti þær í eigin rekstri. Samrunaaðilar eru að mestu leyti sammála þessari skilgreiningu, en telja hana þó að einhverju leyti of þrönga. Telja þeir að líta skuli jafnframt til þess að umræddir viðskiptavinir eigi þess einnig kost að kaupa umræddar vörur í smásölu, þ.e. í stórverslunum og í bakaríum. Beri því að skilgreina markaðinn sem sölu á brauðvörum til fyrirtækja til eigin nota. Að mati samrunaaðila starfi þeir báðir á umræddum markaði.

Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að til viðbótar við sölu á framleiðsluvörum sínum í heildsölu starfræki Brauðgerðin tvö bakarí og kaffihús á Akureyri, annað að Hrísalundi 3 og hitt að Hafnarstræti 108.

Að mati samrunaaðila starfi Kjarnavörur, sem tilheyra sömu fyrirtækjasamstæðu og Gæðabakstur, á markaði fyrir framleiðslu, innflutning og heildsölu á smjörlíki, öðru viðbiti, steikingarfeiti og olíum. Hluti af þessum vörum eru notaðar í framleiðsluferli samrunaaðila og starfa Kjarnavörur því að hluta til sem birgir fyrir samrunaaðila. Eftir aðstæðum telja samrunaaðilar að skipta mætti markaðnum í frekari undirmarkaði eftir einstökum hráefnum en að þess sé ekki þörf í þessu máli.

Þá kemur fram í samrunaskrá að Innbak, sem tilheyri sömu fyrirtækjasamstæðu og Gæðabakstur, starfi á markaði fyrir innflutning og heildsölu á hráefnum fyrir bakarí. Eftir aðstæðum telja samrunaaðilar að skipta mætti markaðnum í frekari undirmarkaði eftir einstökum hráefnum en að þess sé ekki þörf í þessu máli.

1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Hvað varðar markaði fyrir brauð og aðrar bakaðar vörur þá liggja fyrir nokkur fordæmi (aðallega samrunamál) framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hvernig þeir hafa verið skilgreindir. Má í þessu sambandi nefna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá maí 2013 vegna samruna Agrofert og Lieken. Í ákvörðuninni var vísað til fyrri mála þar sem brauð og kökur hefðu verið flokkuð í nokkra megin flokka sem væru m.a. ferskt brauð og kökur. Einnig var vísað til annarra flokka sem innihéldu hrökkbrauð, brauðstangir, kruður, tvíbökur og ýmsar fleiri bakaðar vörur. Markaðsrannsókn í málinu staðfesti einnig að verð á vörum í þessum flokkum væri breytilegt og breyting á framleiðslu á milli tegunda krefðist lengri tíma og töluverðar fjárfestingar. Voru þetta því taldar vera vísbendingar



um að vörur í þessum flokkum tilheyrðu sérstökum aðskildum vörumörkuðum.³ Þá má nefna í þessu sambandi að hollensk samkeppnisyfirkvöld hafa litið svo á að tvíbökur (rusks) tilheyrðu sérstökum vörumarkaði.⁴

Í nefndri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar vegna samruna Agrofert og Lieken var einnig greint á milli heildsölu á matvörum til smásöluverslana (retail sector) annars vegar og þjónustuaðila (catering sector/food service sector) hins vegar. Hefur framkvæmdastjórnin einnig í fyrri málum talið að dreifing til þessara aðila sé frábrugðin, t.d. varðandi söluaðferðir, pakkastærðir og heilbrigðiskröfur.⁵

Samkeppniseftirlitið vísar einnig til áðurnefndrar ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 5/1998 þar sem fjallað var um yfirtöku Myllunnar-Brauðs hf. á Samsölubakaríi hf. Í ákvörðuninni var talið að einn af þeim mörkuðum sem samruninn hefði áhrif á væri heildsala á brauðvörum til matvöruverslana. Í umræddri ákvörðun var það jafnframt niðurstaða samkeppnisráðs að heildsala á brauðvörum til fyrirtækja til nota í eigin atvinnurekstri væri sérstakur markaður. Brauðvörur voru skilgreindar sem ný matarbrauð og smábrauð (þ.e. brauð sem neytendur kaupa að öllu jöfnu sama dag eða fáum dögum eftir að þau eru bökuð), kökur og frystar brauðvörur. Í ákvörðuninni kom fram að brauð væri óumdeilanlega ein af þeim vörum sem allar matvöruverslanir þyrftu að bjóða upp á til að geta veitt viðskiptavinum sínum þá lágmarksþjónustu sem krafist væri af slíkum verslunum. Þannig væri ekki raunhæfur kostur fyrir matvöruverslun að hætta að bjóða upp á brauð, ef t.d. verð á því hækkaði, og leggja þess í stað meiri áherslu á pastavörur eða morgunkorn. Þá kom fram í ákvörðuninni að sama ætti við um markaðinn fyrir kökur og markaðinn fyrir brauð. Matvöruverslanir væru knúnar til að hafa kökur á boðstólum og ekki þótti t.a.m. koma til álita að sætt kex væri á sama markaði og kökur.

Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/1998 þótti sýnt að umrædd yfirtaka Myllunnar-Brauðs á Samsölubakaríi hefði skaðleg áhrif á samkeppni og var samruninn því ógiltur. Ákvörðunin kom til umfjöllunar hjá áfrýjunarnefnd samkeppnismála sem felldi hana úr gildi með úrskurði í máli nr. 6/1998 á þeim grundvelli að ákvörðunin hefði verið tekin eftir að lögboðinn frestur til að ógilda samrunann hefði verið liðinn. Í úrskurðinum var þó ekki fjallað efnislega um þær forsendur sem lágu að baki skilgreiningu á umræddum vörumörkuðum.

Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu vísbendingar um að aðstæður við framleiðslu og heildsöludreifingu á brauðvörum til matvöruverslana (aðallega fersku brauði og kökum) hafi breyst að því leyti að sú markaðsskilgreining sem lögð var til grundvallar í umræddu samrunamáli árið 1998 eigi ekki lengur við. Má segja að þessi skilgreining hafi miðað að því að setja í einn flokk eða markað þær vörutegundir sem samrunaaðilar aðallega framleiddu og voru ný og fersk brauð, frystar brauðvörur, sætabrauð og kökur. Var miðað við að þetta væri sá heildarvörumarkaður í málinu þar sem samkeppnislegra áhrifa gætti og var hann nefndur markaður fyrir brauðvörur. Aftur á móti er ljóst að þennan

³ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.6891 – Agrofert/Lieken frá 15. maí 2013. Sjá einnig t.d. ákvarðanir framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.6430 – Oaktree/Panrico frá 19. desember 2011 og nr. COMP/M.5286 – Lion Capital/Foodvest frá 18. september 2008.

⁴ Sjá: <http://www.debrauw.com/newsletter/cookie-crumbled-court-upholds-blocked-bakery-merger/?output=pdf>

⁵ Sjá einnig t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. COMP/M.1990 – Unilever/Bestfoods frá 28. september 2000.



heildarvörumarkað brauðvara má skilgreina enn þrengra. Sem dæmi er ljóst að tæplega er um staðgöngu að ræða á milli sölu á brauði til endursöluaðila annars vegar og kökum til sömu aðila hins vegar. Þessar vörur og fleiri geta því eftir atvikum tilheyrt sérstökum undirmörkuðum í heildarflokki brauðvara. Er það einnig í samræmi við nefnd fordæmi í málum framkvæmdastjórnarinnar.

Samkeppniseftirlitið telur þó að í þessu máli rétt eins og í máli Myllunnar og Samsölubakarís árið 1998 að megin samlegðaráhrifa samrunans gæti í framleiðslu og heildsölu á brauði, sætabrauði, kökum og skyldum vörum til matvöruverslana.

Í ljósi niðurstöðu málsins og mats á samkeppnislegum áhrifum sem nánar verður fjallað um hér á eftir telur Samkeppniseftirlitið þó að ekki sé ástæða til að skilgreina með tæmandi hætti þá undirmarkaði sem samrunaaðilar starfa mögulega á í flokkum framangreindra vara. Hins vegar telur eftirlitið gagnlegt við mat á hlutdeild að setja hana fram í þremur megin undirflokkum sem eru eftirfarandi:

- Framleiðsla og heildsala á fersku brauði.
- Framleiðsla og heildsala á kökum.
- Framleiðsla og heildsala á frystu brauði.

Nánar verður gerð grein fyrir því í umfjöllun um markaðshlutdeild hér á eftir.

Með hliðsjón af því hvernig mál þetta er vaxið telur Samkeppniseftirlitið ekki tilefni til að skilgreina með nákvæmum hætti þá markaði sem fyrirtækin Innbak og Kjarnavörur starfa á. Í þessu samhengi má líta til þess að ýmis öflug fyrirtæki selja sambærilegar vörur og framangreind fyrirtæki í heildsölu. Til dæmis má nefna Íslensk-ameríska ehf. (sem Myllan tilheyrir), Ölgerðina Egil Skallagrímsson ehf., Garra ehf., Innes ehf. og Lífland ehf.

2. Landfræðilegur markaður

2.1 Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að á þeim heildsölumörkuðum sem samrunaaðilar starfi á, nái starfsemi þeirra til alls landsins. Á þetta einnig við um markað fyrir sölu á brauðmeti til fyrirtækja og stofnana. Meirihluti af framleiðslu Gæðabaksturs sé þó seldur til aðila á höfuðborgarsvæðinu og meirihluti framleiðslu Brauðgerðarinnar sé seldur utan höfuðborgarsvæðisins. Í ljósi þess hins vegar að framleiðsla beggja aðila á umræddum mörkuðum sé seld til aðila um land allt telja samrunaaðilar rétt að líta svo á að landfræðilegur markaður hvað varðar fyrrgreinda markaði sé Ísland í heild sinni.

2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Hvað varðar landfræðilegan markað málsins þá hafa markaðir sem varða framleiðslu og heildsölu á dagvörum til endurseljenda alla jafna verið skilgreindir sem landsmarkaðir enda hafa dreifingaraðilar að öllu jöfnu selt vörur sínar alls staðar á landinu.⁶ Þetta er þó

⁶ Sjá t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2010 og 36/2011. Síðarnefnda ákvörðunin var staðfest með úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/2011 og síðar með dómi Hæstaréttar þann 27. nóvember 2014 í máli nr. 112/2014. Sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 14/2003, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 13/2003.



ekki einhlítt og t.a.m. var í umræddri ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/1998 komist að þeirri niðurstöðu að sá landfræðilegi markaður sem Myllan og Samsölubakarí störfuðu á væri svæðisbundinn aðallega við höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni. Nánar kom fram að vegna eðlis þeirra vörutegunda sem voru meginþorri framleiðslu Myllunnar og Samsölubakarís, þ.e. ný brauð og kökur sem hefði takmarkað geymsluþol, hefði vörunum einkum verið dreift til matvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni. Þannig hafi um 99% af sölu Myllunnar verið dreifing til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum og á Vesturlandi að Búðardal og á Suðurlandi að Klaustri. Svipað hafi átt við um Samsölubakarí. Þá kom fram í ákvörðuninni að í einstökum byggðarlögum væru staðbundin bakarí sem seldu vörur að einhverju leyti til matvöruverslana í viðkomandi byggðarlagi í samkeppni við Mylluna og Samsölubakarí. Þannig seldu t.d. bakarí á Suðurnesjum eitthvað af brauðum í matvöruverslanir á Suðurnesjum en kepptu ekki við Mylluna og Samsölubakarí á öðrum svæðum. Með hliðsjón af framangreindu var það því mat samkeppnisráðs að landfræðilegur markaður í því máli væri höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin, svæði á Vesturlandi og svæði á Suðurlandi.

Við rannsókn þessa máls hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga um hvernig tekjur samrunaaðila og keppnauta þeirra skiptast eftir landshlutum. Hefur sú athugun m.a. leitt í ljós að meirihluti tekna Brauðgerðarinnar eru tilkomnar vegna sölu á brauðvörum á Norðurlandi og ljóst að samlegðaráhrifa samrunans mun fyrst og fremst gæta á því svæði. Má því leiða líkur að því að landfræðilegir markaðir fyrir sölu á brauðvörum geti eftir sem áður verið staðbundnir eða svæðisbundnir. Í ljósi niðurstöðu málsins sem nánar verður fjallað um hér á eftir í umfjöllun um samkeppnislag áhrif telur Samkeppniseftirlitið þó að ekki sé þörf á því þessu máli að skilgreina eða slá því föstu nákvæmlega hvaða svæði landfræðilegur markaður málsins tekur til. Eftir sem áður telur eftirlitið gagnlegt að líta til hlutdeildar á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi og landinu öllu í framangreindum flokkum brauðvara eins og nánar verður greint frá hér á eftir.

IV.

Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum í samrunamálu þarf að taka til athugunar hvort markaðsráðandi staða verði til eða hún styrkist, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga. Einnig þarf að taka til skoðunar hvort samruninn leiði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Þau atriði sem horft er til í þessu sambandi eru m.a. markaðshlutdeild samrunaaðila, staða keppnauta og fjárhagslegur styrkleiki, möguleg samkeppni og aðgangshindranir að markaðnum og hugsanlegur kaupendastyrkur.

Í máli þessu þarf því að taka til skoðunar hvort umræddur samruni hafi skaðleg áhrif á samkeppni á hinum skilgreindu mörkuðum. Eins og fyrr segir felur samruninn m.a. í sér láréttan samruna sem felst í því að saman renna fyrirtæki sem starfa á sama sölustigi en slíkir samrunar eru almennt líklegri til að leiða til takmörkunar á samkeppni. Hefur verið bent á það í samkeppnisrétti að slíkir samrunar séu líklegastir til að raska samkeppni vegna þess að þeir hafa um leið og þeir koma til framkvæmda bein áhrif á gerð viðkomandi markaðar. Þessi áhrif felast í því að samkeppni leggst þegar af á milli



samrunafyrirtækjanna.⁷ Samkeppnishömlur sem stafa af láréttum samruna eru aðallega af þrennum toga. Í fyrsta lagi ef samruni verður til þess að viðkomandi fyrirtæki hætta að keppa sín á milli um hylli viðskiptavina sinna með tilheyrandi afleiðingum fyrir viðskiptavini og neytendur. Í öðru lagi ef samruni leiðir til þess að hið sameinaða fyrirtæki öðlast það mikinn efnahagslegan styrk að það geti hætt að taka tillit til keppinauta sinna og neytenda. Í þriðja lagi ef aukin samþjöppun á markaðnum sem fylgir láréttum samruna dregur alvarlega úr samkeppni þeirra fyrirtækja sem eftir eru á markaðnum. Þrátt fyrir að lóðréttir samrunar séu almennt ólíklegri en láréttir samrunar til þess að fela í sér takmörkun á samkeppni geta þeir þó undir vissum kringumstæðum haft í för með sér skaðleg útlökunaráhrif.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans telur Samkeppniseftirlitið að rétt sé að líta til markaðshlutdeildar samrunaaðila og keppinauta á mörkuðum fyrir sölu á brauðvörum og kökum í heildsölu. Einnig verður litið til annarra atriða eins og t.d. stöðu samrunaaðila samanborið við helstu keppinauta.

1. Breytingar á markaðshlutdeild

1.1 Sjónarmið samrunaaðila

Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar búi ekki yfir fullnægjandi upplýsingum um stærð markaðarins fyrir sölu á brauði og kökum til dagvöruverslana og því geti þeir aðeins lagt óljóst mat á markaðshlutdeild aðila og keppinauta þeirra. Vísa samrunaaðilar til skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 þar sem fram kemur að hlutdeild Gæðabaksturs á markaðnum á árinu 2010 hafi verið um 10-15%. Telja samrunaaðilar að þær tölur gefi vísbendingu um markaðshlutdeild þeirra á umræddum markaði núna. Hvað varðar markaði fyrir sölu á brauðmeti til fyrirtækja og stofnana til telja samrunaaðilar sig ekki búa yfir fullnægjandi upplýsingum um markaðshlutdeild keppinauta eða heildarstærð markaðarins.

1.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur m.a. átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframleiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbendingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.

⁷ Sjá t.d. dóm undirréttar ESB í máli nr. T-5/02 Tetra Laval v Commission [2002] ECR11-4381: „It is common ground between the parties that the modified merger is conglomerate in type, that is, a merger of undertakings which, essentially, do not have a pre-existing competitive relationship, either as direct competitors or as suppliers and customers. Mergers of this type do not give rise to true horizontal overlaps between the activities of the parties to the merger or to a vertical relationship between the parties in the strict sense of the term. Thus it cannot be presumed as a general rule that such mergers produce anti-competitive effects. However, they may have anti-competitive effects in certain cases.“ Sjá einnig dóm dómstóls ESB í þessu máli, mál nr. C-12/03P.



Mjög há markaðshlutdeild eða 50% eða meiri getur í sjálfu sér verið til vitnis um markaðsráðandi stöðu, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 188/2010 *Hagar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og íslenska ríkinu*. Samruni fyrirtækja getur einnig raskað samkeppni þó að þau hafi undir 50% markaðshlutdeild eftir að hann hefur verið framkvæmdur.

Við ákvörðun á markaðshlutdeild er að jafnaði stuðst við upplýsingar hlutaðeigandi fyrirtækja um tekjur þeirra vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem um ræðir á síðasta heila almanaksári eða eftir atvikum fleiri undangengnum árum, sbr. t.d. ársreikninga eða árshlutauppgjör eða nánari sundurliðun á tekjum eftir því sem við á í hverju máli. Til að leggja mat á stærð þess markaðar sem Samkeppniseftirlitið telur að samruninn hafi áhrif á óskaði eftirlitið eftir upplýsingum frá samrunaaðilum um tekjur þeirra vegna sölu á ferskum brauðvörum, kökum og frystum brauðvörum í heildsölu til dagvöruverslana annars vegar og annarra söluaðila hins vegar. Sömu upplýsinga var einnig óskað frá helstu keppinautum. Þá var þess jafnframt óskað að framangreindar tekjur yrðu flokkaðar eftir landfræðilegri staðsetningu viðskiptavina viðkomandi fyrirtækja. Upplýsinganna var aflað fyrir heila árið 2014.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan telur Samkeppniseftirlitið að mörkuðum fyrir brauð og kökur megi eftir atvikum skipta niður í marga undirmarkaði þar sem einstakir vörflokkar (jafnvel tvíbökur) geta verið sérstakir vörumarkaðir. Í þessu máli er þó ekki talin þörf á slíkri aðgreiningu en eftir sem áður er gagnlegt að líta til hlutdeildar og samþjöppunar í nokkrum yfirflokkum sem eru ferskar brauðvörur⁸, frystar brauðvörur⁹ og kökur.¹⁰ Hvað varðar landfræðilega skiptingu telur Samkeppniseftirlitið að gagnlegt sé að líta í fyrsta lagi til hlutdeildar á Norðurlandi en á því svæði starfar Brauðgerðin og gætir samlegðaráhrifa samrunans hvað mest þar.¹¹ Í öðru lagi er litið til hlutdeildar á höfuðborgarsvæðinu sem er stærsta markaðssvæðið. Þar starfar Gæðabakstur og einnig Myllan sem er stærsti framleiðandi hér á landi á brauði og kökum. Í þriðja lagi telur Samkeppniseftirlitið að einnig sé gagnlegt að líta til hlutdeildar á landinu öllu. Í eftirfarandi töflum eru þessar upplýsingar birtar og er greint á milli sölu til annars vegar smásala (aðallega dagvöruverslana) og hins vegar annarra aðila (aðallega veitingastaða og stórelldhúsa).

Tafla 1. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á ferskum brauðvörum til dagvöruverslana árið 2014.

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[55-60]%	[...]	[20-25]%	[...]	[50-55]%
Gæðabakstur	[...]	[20-25]%	[...]	[5-10]%	[...]	[20-25]%
Brauðgerðin	[...]	[0-5]%	[...]	[45-50]%	[...]	[5-10]%

⁸ Er hér m.a. um að ræða niðursneidd formbrauð, fin og gróf, heilsubrauð, rúgbrauð, pylsubrauð og hamborgarabrauð.

⁹ Er hér m.a. um að ræða frosin snittubrauð o.fl. frosin brauð, bæði innflutt og framleidd hér á landi.

¹⁰ Eru hér m.a. kökur, tertur og sætabrauð.

¹¹ Um er að ræða Norðurland vestra (póstnúmer 530-580) og Norðurland eystra (póstnúmer 600-690).



Aðrir¹²	[...]	[15-20]%	[...]	[20-25]%	[...]	[15-20]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

Ljóst er af upplýsingum í töflunni að staða Brauðgerðarinnar á Norðurlandi er sterk í sölu á ferskum brauðvörum til dagvöruverslana og við samrunann verður hlutur sameinaðs fyrirtækis [50-55]%. Ljóst er þó að samruninn mun litlu breyta á höfuðborgarsvæðinu og áhrifin eru ekki mikil á landsvísu. Staða Myllunnar er hins vegar öflug sé litið til hlutdeildar, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 2. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á ferskum brauðvörum til annarra söluaðila árið 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[45-50]%	[...]	[15-20]%	[...]	[45-50]%
Gæðabakstur	[...]	[40-45]%	[...]	[10-15]%	[...]	[30-35]%
Brauðgerðin	[...]	[0-5]%	[...]	[55-60]%	[...]	[5-10]%
Aðrir¹³	[...]	[5-10]%	[...]	[15-20]%	[...]	[10-15]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

Staða Brauðgerðarinnar á Norðurlandi er einnig sterk í sölu á ferskum brauðvörum til annarra aðila en dagvöruverslana og við samrunann verður hlutur sameinaðs fyrirtækis [65-70]%. Ljóst er þó að tekjur af þessari sölu í heild eru ekki miklar og samruninn hefur að þessu leyti lítil áhrif hvort heldur sem litið er til sölu á höfuðborgarsvæðinu eða sölu á landsvísu. Staða Myllunnar er hins vegar sterk hvort heldur sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsins alls þar sem hlutdeild þess fyrirtækis er [45-50]%.

Tafla 3. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á kökum til dagvöruverslana árið 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[35-40]%	[...]	[5-10]%	[...]	[30-35]%
Gæðabakstur	[...]	[0-5]%	[...]	0%	[...]	[0-5]%
Brauðgerðin	[...]	[15-20]%	[...]	[35-40]%	[...]	[20-25]%
Aðrir¹⁴	[...]	[40-45]%	[...]	[50-55]%	[...]	[45-50]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

¹² Um er að ræða Sauðárkróksbakarí ehf., Kökugerð H.P. ehf., Brauðhúsið ehf., Daglegt brauð ehf., Heimabakarí – Eðalbrauð ehf., Björnsbakarí ehf., Brauða- og kökugerðina ehf., Brauð- og kökugerðina ehf., Sigurjónsbakarí, Bakarann ehf., Aðalbakarann ehf., Guðnabakarí ehf., Bakstur og veislu ehf., Axelsbakarí ehf., Bæjarbakarí ehf., Geirabakarí ehf., Kökuval ehf., Okkar bakarí ehf., Fellabakstur ehf., Gamla bakaríið ehf., Kaupás ehf., Eggert Kristjánsson hf. og Sveinsbakarí ehf.

¹³ Um er að ræða Sauðárkróksbakarí ehf., Ekruna ehf., Heimabakarí – Eðalbrauð ehf., Bernhöftsbakarí ehf., Bakarann ehf., Björnsbakarí ehf., Brauðhúsið ehf., Bakarameistarann ehf., Guðnabakarí ehf., Kökuval ehf., Brauða- og kökugerðina ehf., Brauð- og kökugerðina ehf., Fellabakstur ehf., Okkar bakarí ehf., Sveinsbakarí ehf., Kökugerð H.P. ehf., Korníð ehf., Bakstur og veislu ehf., Gamla bakaríið ehf., Sigurjónsbakarí, Eggert Kristjánsson ehf. og Aðalbakarann ehf.

¹⁴ Um er að ræða Sauðárkróksbakarí ehf., Innnes ehf., Kökugerð H.P. ehf., Brauðhúsið ehf., Daglegt brauð ehf., Heimabakarí – Eðalbrauð ehf., Björnsbakarí ehf., Brauð- og kökugerðina ehf., Sigurjónsbakarí, Bakarann ehf., Aðalbakarann ehf., Bakaríið Kökuhornið ehf., Guðnabakarí ehf., Bakstur og veislu ehf., Axelsbakarí ehf., Kökuval ehf., Okkar bakarí ehf., Fellabakstur ehf., Sveinsbakarí ehf., Gamla bakaríið ehf., Eggert Kristjánsson ehf., Ó. Johnson og Kaaber ehf., Ásbjörn Ólafsson ehf. og Kaupás ehf.



Samkvæmt upplýsingum í töflunni mun samruninn litlu breyta um hlutdeild í sölu á kökum til dagvöruverslana enda hefur Gæðabakstur starfað mjög lítið á því sviði.

Tafla 4. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á kökum til annarra söluaðila árið 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[10-15]%	[...]	[0-5]%	[...]	[10-15]%
Gæðabakstur	[...]	[5-10]%	[...]	[0-5]%	[...]	[0-5]%
Brauðgerðin	[...]	[0-5]%	[...]	[30-35]%	[...]	[5-10]%
Aðrir¹⁵	[...]	[75-80]%	[...]	[65-70]%	[...]	[75-80]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

Samruninn mun ekki hafa teljandi áhrif í sölu á kökum til annarra aðila en dagvöruverslana.

Tafla 5. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á frystum brauðvörum til dagvöruverslana árið 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[55-60]%	[...]	[45-50]%	[...]	[45-50]%
Gæðabakstur	[...]	[10-15]%	[...]	[0-5]%	[...]	[5-10]%
Brauðgerðin	0	0%	0	0%	0	0%
Aðrir¹⁶	[...]	[30-35]%	[...]	[50-55]%	[...]	[40-45]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

Þá mun samruninn ekki breyta miklu um sölu á frystum brauðvörum til dagvöruverslana enda er Brauðgerðin ekki starfandi á því sviði.

Tafla 6. Tekjur í þús. kr. og markaðshlutdeild í sölu á frystum brauðvörum til annarra söluaðila árið 2014

	Höfuðborgarsvæðið		Norðurland		Landið allt	
	Tekjur	%	Tekjur	%	Tekjur	%
Myllan	[...]	[20-25]%	[...]	[15-20]%	[...]	[15-20]%
Gæðabakstur	[...]	[5-10]%	[...]	[0-5]%	[...]	[0-5]%
Brauðgerðin	0	0%	0	0%	0	0%
Aðrir¹⁷	[...]	[70-75]%	[...]	[75-80]%	[...]	[75-80]%
Samtals	[...]	100%	[...]	100%	[...]	100%

¹⁵ Um er að ræða Garra ehf., Innes ehf., Ekruna ehf., Heimabakarí ehf., Bakarann ehf., Björnsbakarí ehf., Bakarameistarann ehf., Guðnabakarí ehf., Kökuval ehf., Brauð- og kökugerðina ehf., Brauða- og kökugerðina ehf., Fellabakstur ehf., Okkar bakarí ehf., Sveinsbakarí ehf., Kökugerð H.P. ehf., Korníð ehf., Bakstur og veislu ehf., Gamla bakaríð ehf., Ó. Johnson og Kaaber ehf., Ásbjörn Ólafsson ehf., Eggert Kristjánsson ehf. og Aðalbakarann ehf.

¹⁶ Um er að ræða Ölgerðina Egil Skallagrímsson ehf., Sauðárkróksbakarí, Innes ehf. Eggert Kristjánsson hf., Ó. Johnson og Kaaber ehf., Ásbjörn Ólafsson ehf., Aðföng hf. og Kaupás ehf.

¹⁷ Um er að ræða Garra ehf., Ölgerðina Egil Skallagrímsson ehf., Innes ehf., Ó. Johnson og Kaaber ehf., Ásbjörn Ólafsson ehf., Eggert Kristjánsson ehf. og Ekruna ehf.



Sama á við um sölu á frystum brauðvörum til annarra söluaðila en matvöruverslana en Brauðgerðin starfar ekki á því sviði heldur.

Af þeim upplýsingum sem koma fram í töflunum er ljóst að beinna samkeppnislegra áhrifa samrunans mun í upphafi nær eingöngu gæta í sölu á ferskum brauðvörum á Norðurlandi og á það bæði við um sölu á þessum vörum til dagvöruverslana og annarra aðila. Á þessu svæði hefur hlutdeild Brauðgerðarinnar verið mikil og sameinað fyrirtæki mun verða með á bilinu 50-70% hlutdeild. Svo há hlutdeild getur eins og fyrr segir veitt vísbendingar um markaðsráðandi stöðu, eða að slík staða hafi styrkst eða samkeppni raskast að öðru leyti.

2. Nánar um samkeppnisleg áhrif

2.1 Sjónarmið samrunaaðila

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem um ræði. [...]¹⁸

2.2 Mat Samkeppniseftirlitsins

Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB um mat á láréttum samrunum kemur fram að þegar samkeppnisleg áhrif af samruna eru metin skipti há markaðshlutdeild samrunaaðila töluverðu máli en aðrir þættir hafi einnig þýðingu. Talin eru upp í dæmaskyni nokkur atriði sem gagnlegt er að kanna þegar möguleg ósamstillt áhrif (e. non-coordinated effects) samruna eru metin:

- Há markaðshlutdeild samrunaaðila.
- Samrunaaðilar séu nánir keppinautar.
- Takmörkuð geta viðskiptavina til að skipta um birgja.
- Keppinautar séu ólíklegir til að auka framboð ef verð hækkar.
- Hið sameinaða fyrirtæki sé líklegt til að geta hindrað stækkun keppinauta.
- Samruninn veldur því að mikilvægur keppinautur hverfi af markaði.

Þessi atriði eru eins og áður segir aðeins talin upp í dæmaskyni og því ekki um að ræða tæmandi upptalningu. Þegar möguleiki samrunaaðila á að hindra virka samkeppni er metinn er litið til þessara atriða. Það þýðir þó ekki að öll framangreind atriði verði að vera uppfyllt til að samruni teljist skaðlegur samkeppni.¹⁹

Athugun Samkeppniseftirlitsins í máli þessu hefur leitt í ljós að Myllan sem er helsti keppinautur samrunaaðila nýtur yfirburða hvað hlutdeild varðar auk þess sem mikil framleiðslugeta og vöruframboð skapar fyrirtækinu sérstöðu. Einnig eru vísbendingar um að Myllan hafi lengi notið þessara yfirburða eða allt frá því fyrirtækið yfirtók Samsölubakarí árið 1998.

Samkeppniseftirlitið telur því að þrátt fyrir að sameinað fyrirtæki muni hafa háa hlutdeild við sölu á ferskum brauðvörum á Norðurlandi sé ekki ástæða til að ætla að samruninn

¹⁸ Tekið út vegna trúnaðar.

¹⁹ *Guidelines on the assessment of horizontal mergers under the Council Regulation on the control of concentrations between undertakings.* (2004/C 31/03), mgr. 26.



raski samkeppni með alvarlegum hætti. Í því sambandi skiptir mestu máli staða Myllunnar á þessu sviði hvort heldur sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsins alls. Í sölu á ferskum brauðvörum til dagvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu er hlutdeild Myllunnar [55-60]% en þess má geta að umfang sölu á vörum í þessum flokki á því svæði er um fimm sinnum meiri en á Norðurlandi. Hlutdeild Myllunnar í flokknum, sé miðað við landið allt, er hins vegar [50-55]% (sjá nánar töflu 1). Þá er ljóst að ef litið er til sölu í flokknum ferskar brauðvörur til annarra aðila er staða Myllunnar einnig sterk, hvort heldur sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða landsins alls (sjá nánar töflu 2).

Hvað varðar sölu á kökum sem er nátengdur heildarmarkaði fyrir sölu á fersku brauði er ljóst að Brauðgerðin var fyrir samrunann með sterka stöðu á Norðurlandi. Gæðabakstur hefur hins vegar ekki boðið upp á vörur í þessum flokki nema að litlu leyti og samruninn mun því litlu breyta á þessu sviði (sjá töflur 3 og 4). Þá er ljóst að Myllan er öflug í framleiðslu og dreifingu á kökum. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutdeild Myllunnar í sölu á kökum og skyldum vörum til dagvöruverslana [35-40]% og á landinu öllu [30-35]%. Í sölu á vörum í þessum flokki á höfuðborgarsvæðinu er hlutdeild annarra keppinauta hins vegar dreifðari. Samruninn mun því ekki raska samkeppni í sölu á kökum hér á landi.

Gæðabakstur hefur boðið upp á frystar brauðvörur en sala fyrirtækisins á vörum í flokknum er þó mjög takmörkuð á Norðurlandi (sjá töflur 5 og 6). Brauðgerðin býður ekki upp á frystar brauðvörur. Samlegðaráhrifa samrunans gætir því ekki í sölu á þessum vörum. Þá er ljóst að Myllan er öflug í dreifingu á frystum brauðvörum. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutdeild Myllunnar í sölu á vörum í þessum flokki til dagvöruverslana [55-60]% og á landinu öllu [45-50]%. Þá er hlutdeild innflytjenda einnig töluverð í þessum flokki eða [40-45]% á landinu öllu.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að þrátt fyrir háa hlutdeild sameinaðs fyrirtækis við framleiðslu og dreifingu á ferskum brauðvörum á Norðurlandi er ekki ástæða til að ætla að sú hætta sé fyrir hendi að stærsti keppinauturinn sem fyrir er á markaðnum, þ.e. Myllan, verði ekki fær um að veita hinu sameinaða fyrirtæki nægjanlegt samkeppnislegt aðhald. Myllan er þegar með um [20-25]% hlutdeild í sölu á ferskum brauðvörum til dagvöruverslana á Norðurlandi en mestu skiptir þó sterk staða fyrirtækisins á stærsta sölusvæði landsins (höfuðborgarsvæðinu) á vörum í þessum flokki og svo einnig á landinu öllu. Myllan er einnig með sölu- og dreifingarkerfi sem nær til Norðurlands og því ljóst að það fyrirtæki væri fært um að bregðast við ef sameinað fyrirtæki myndi hækka verð á brauðvörum á Norðurlandi í kjölfar samrunans.

Eins og áður hefur komið fram byggja samrunaaðilar á því að sameinað fyrirtæki muni verða í betri stöðu til að veita stærri aðila burðuga samkeppni og að því leyti hafi samruninn jákvæð áhrif á samkeppni sem skili sér til neytenda. Í samrunaskrá kemur jafnframt fram að áherslur Gæðabaksturs og Brauðgerðarinnar hafi verið ólíkar hvað varðar einstaka vöruflokkka. Þannig hafi Gæðabakstur einbeitt sér að [...] ²⁰. Gagnaöflun Samkeppniseftirlitsins um tekjur vegna sölu í mismunandi vöruflokkum staðfestir að þessi sérhæfing á að nokkru leyti við um starfsemi samrunaaðila. Þá hefur athugun Samkeppniseftirlitsins jafnframt leitt í ljós að samrunaaðilar starfa að miklu leyti á sitthvorum landfræðilega markaðinum. Þannig selur Brauðgerðin stærstan hluta

²⁰ Tekið út vegna trúnaðar.



framleiðslu sinnar á Norðurlandi á meðan Gæðabakstur selur meirihluta framleiðslu sinnar á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af þessu telur Samkeppniseftirlitið að líkur séu á því að samruninn geti haft nokkur jákvæð áhrif á samkeppni og jafnvel opnað á möguleika á að auka úrval í ýmsum vöruflokkum á t.d. höfuðborgarsvæðinu þar sem Myllan er með mikla hlutdeild. Sem dæmi ætti sameinað fyrirtæki að vera betur í stakk búið t.a.m. að nýta það dreifikerfi á höfuðborgarsvæðinu sem Gæðabakstur býr yfir til að auka framboð á vörum sem Brauðgerðin hefur einkum sérhæft sig í en ekki Gæðabakstur, s.s. kökum og tertum. Úrval af þessum vörum og jafnvel fleirum gæti því aukist á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Að sama skapi ætti sameinað fyrirtæki að geta nýtt dreifikerfi á Norðurlandi til að auka t.d. úrval frystra brauðvara en hvorugur samrunaaðila hefur boðið frystar brauðvörur á því svæði svo nokkru nemi. Úrval í þessum vöruflokki til neytenda á Norðurlandi ætti því mögulega að geta aukist eftir samrunann.

Þegar öll framangreind atriði eru virt er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni Gæðabaksturs og Brauðgerðarinnar muni hvorki leiða til markaðsráðandi stöðu eða að slík staða styrkist eða samkeppni raskist með umtalsverðum hætti á neinum af mögulegum samkeppnismörkuðum málsins. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Gæðabaksturs ehf. á öllu hlutafé í Brauðgerð Kr. Jónssonar ehf. felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Haukur Guðmundsson